

## FYLGISEÐILL: UPPLÝSINGAR FYRIR NOTANDA LYFSINS

### Ismo 60 mg forðatöflur

Ísósróbíð-5-einnítrat

#### Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að taka lyfið.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita ef vart verður við aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli eða ef aukaverkanir sem taldar eru upp reynast alvarlegar.

#### Í fylgiseðlinum:

1. Upplýsingar um Ismo og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að taka Ismo
3. Hvernig taka á Ismo
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Ismo
6. Aðrar upplýsingar

### 1. UPPLÝSINGAR UM ISMO OG VIÐ HVERJU ÞAÐ ER NOTAÐ

Ismo tilheyrir þeim flokki lyfja sem nefnast æðavíkkandi lyf sem notuð eru við hjartasjúkdómum. Lyfið er notað til fyrirbyggjandi meðferðar við hjartaöng.

Forðatöflurnar eru ekki ætlaðar til að slá á bráð köst hjartaangar. Við bráðum köstum ætti að nota glýserylþrínítrat töflur, undir tungu eða út í kinn.

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

### 2. ÁÐUR EN BYRJAÐ ER AÐ TAKA ISMO

#### Ekki má taka Ismo

- ef sjúklingurinn hefur fengið slagæðasjúkdóm í heila.
- þegar vitað er um ofnæmi fyrir nítrötum eða öðrum innihaldsefnum lyfsins.

#### Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun Ismo

- við akstur bifreiða og við önnur störf sem krefjast nákvæmni.

#### Notkun annarra lyfja

Áhrif lyfsins geta orðið önnur ef það er tekið samtímis ýmsum öðrum lyfjum.

Í ákveðnum tilvikum getur blóðþrýstingur lækkað of mikið ef lyfið er tekið inn með öðrum blóðþrýstingslækkandi lyfjum.

Notkun lyfsins síldenafíls (Viagra) og skyldra lyfja (Cialis, Levitra) getur aukið blóðþrýstingslækkandi áhrif Ismo.

#### Meðganga og brjóstgjöf

Lyfið ætti ekki að nota á meðgöngu eða á meðan barn er haft á brjósti.

#### Akstur og notkun véla

Þar sem lyfið getur valdið of lágum blóðþrýstingi og svima er þörf á sérstakri árvekni við akstur bifreiða og notkun véla. Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

### **Mikilvægar upplýsingar um tiltekin innihaldsefni Ismo**

Lyfið inniheldur mjólkursykur (laktósa). Ef óþol fyrir sykrum hefur verið staðfest skal hafa samband við lækni áður en lyfið er tekið inn.

## **3. HVERNIG TAKA Á ISMO**

Notið lyfið alltaf eins og læknirinn hefur sagt til um. Ef þú ert ekki viss um hvernig á að nota lyfið leitaðu þá upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

### **Skammtastærðir handa fullorðnum**

Fyrstu daga meðferðar er oft ráðlagður minni skammtur en síðar til að draga úr líkum á höfuðverk. Forðatöflunnar má ekki tyggja eða mylja og þær á að gleypa með hálfu glasi af vökva. Töflunnar eru með deiliskoru og skipta má þeim í tvennt, gerist þess þörf.

### **Notkun handa börnum**

Lyfið er ekki ætlað börnum.

### **Ef stærri skammtur en mælt er fyrir um er tekinn**

Algengasta einkenni ofskömmtnar er blóðþrýstingslækkun. Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal strax hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

### **Ef gleymist að taka Ismo**

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka. Ef gleymist að taka lyfið skal bæta úr því strax og hægt er. Ef komið er að næsta skammti skal þeim sem gleymdist sleppt úr.

## **4. HUGSANLEGAR AUKAVERKANIR**

Eins og við á um öll lyf getur Ismo valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Í upphafi meðferðar getur komið fram höfuðverkur en hann er venjulega horfinn þegar liðnar eru tvær til þrjár vikur af meðferðinni. Lágþrýstingur með einkennum á borð við svima eða ógleði er sjaldgæf aukaverkun. Þessi einkenni hverfa venjulega við langvarandi meðferð.

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita ef vart verður við aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli eða ef aukaverkanir sem taldar eru upp reynast alvarlegar. Þar með er hægt að tilkynna aukaverkanir til Lyfjastofnunar og bæta þannig þekkingu á aukaverkunum. Sjúklingar og aðstandendur þeirra geta einnig tilkynnt aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar. Leiðbeiningar eru á heimasíðu Lyfjastofnunar (sjá „Aukaverkanir“) [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is)

## **5. HVERNIG GEYMA Á ISMO**

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið við lægri hita en 25°C.

Geymið glasið vel lokað til varnar gegn ljósi og raka.

Ekki skal nota Ismo eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má fleygja lyfjum í skólplagnir eða heimilissorp. Leitið ráða hjá lyfjafraeðingi um hvernig heppilegast er að losna við lyf sem ekki þarf að nota lengur. Þetta er gert til þess að vernda umhverfið.

## **6. AÐRAR UPPLÝSINGAR**

### **Hvað inniheldur Ismo**

- Virka efnið er ísósorbíð-5-einnítrat.
- Önnur innihaldsefni eru sterínsýra, karnúbavax, hýprómellósi, laktósi, magnesíumsterat, talkúm, vatnsfrí kísilkvoða, pólýetýlenglýkól 4000, títantvíoxíð (E171) og gult járnoxíð (E172).

### **Útlit Ismo og pakkningastærð**

Ljósugar sporöskjulaga um 13 mm töflur með deiliskoru á báðum hliðum, áletraðar „60“ á annarri hliðinni.

Pakkningastærð: 98 töflur.

### **Markaðsleyfishafi og framleiðandi**

Actavis

Reykjavíkurvegi 76-78

220 Hafnarfjörður

sími 550 3300

fax 550 3301

**Þessi fylgiseðill var síðast samþykktur í júlí 2011.**